

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
*Umhverfis- og samgöngunefnd*  
Smiðja, Tjarnargötu 9  
101 Reykjavík

Búðardal, 2.maí 2024

**Efni:** Umsögn sveitarfélagsins Dalabyggðar um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi, 899. mál á þingskjali 1338.

---

Vísað til umsagnarbeiðnar nr. 12571 frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sem send var út 19.04.2024.

Dalabyggð vill byrja á því að fagna að fram sé komin tillaga að heildstæðri stefnu um uppbyggingu vindorku á Íslandi. Það er óhjákvæmilegt að á einhverjum tímapunkti mun vindorka vera raunhæfur orkukostur, hvar á landinu sem það verður eða hvernig sem útfærslan verður að öðru leyti. Vöntun er á raforku hér á landi, enn í dag þarf stundum að beita stýringu eða skömmtun raforku, til eru dæmi um að orkufrekur rekstur þurfi jafnvel að reiða sig á olíu til að treysta rekstur sinn á álagstímabilum.

Sveitarfélagið Dalabyggð hefur fengið sinn skerf af umræðunni um vindorku og möguleg vindorkuver. Það er áhersla Dalabyggðar að komi fram áætlanir um uppbyggingu vindorkuvera skuli þær framkvæmdir unnar innan Rammaáætlunar. Jafnframt að slík vindorkuver séu ekki byggð upp hvar sem er, taka þarf tillit til ýmissa þátta s.s. ásýndar, dýralífs, gróðurfars o.fl. bæði á og við uppbyggingarsvæðin. Séu lögð mæltar forsendur uppfylltar, tilvonandi framkvæmdir kynntar og samráði lokið er ástæða til að skoða mögulega uppbyggingu. Regluverk hins opinbera verður þannig að skýra línur, viðmið og markmið á landsvísu.

Dalabyggð tekur undir markmið stjórnvalda í tillögunni um að uppbygging virkjunarkosta í vindorku hérlendis, í sem mestri sátt við náttúru og líffræðilega fjölbreytni, verði ein af grunnstoðum sjálfbærrar orkuöflunar landsins. Eins að sérstakt tillit verði tekið til fugla í íslenskri

náttúru, viðkvæmra og einstakra svæða í náttúrunni sem og menningarminja, hljóðrænna og sjónrænna áhrifa.

Þegar talað er um framtíðarpörf landsins fyrir raforku, raforkuöryggi og afhendingaröryggi í 1.4. vill Dalabyggð áréttta að sérstaklega sé tekið tillit til þeirra svæða þar sem raforku- og afhendingaröryggi er ábótavant í dag. Þannig geta ákvæði/reglur um að orkan sem verður til með uppbyggingu virkjunarkosta í vindorku á tilteknu svæði nýtist innan þess svæðis eða í þeim landshluta sem hún er framleidd í. Þannig sé eða verði hringtenging í nærumhverfinu í forgangi sem getur styrkt til muna innviði landshluta líkt og bæði Vestfirði og Vesturland.

Dalabyggð fagnar því sem fram kemur í 1.5. að tryggja þurfi að lagaumgjörðin verði með þeim hætti að endanleg ákvörðun um það hvort uppbygging einstakra virkjunarkosta í vindorku verði sett inn á skipulag sé í höndum viðkomandi sveitarfélags. Eitt af lögbundnum verkefnum sveitarfélaga eru skipulagsmál, þ.e. gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana ásamt útgáfu framkvæmdaleyfa. Þá setja sveitarfélög sér stefnur um ýmis mál s.s. umhverfis-, innviða- og atvinnumál. Þegar þetta fléttast saman geta sveitarfélög verið ýmist hlynnt eða mótfallin uppbyggingu virkjunarkosta í vindorku og ekki má taka það vald frá sveitarfélögunum að eiga lokaorðið.



Í 2.1. er talað um að þær opinberu stofnanir sem fara með stjórnslu á sviði vindorku, hvort sem er á vegum ríkis eða sveitarfélaga, skuli hafa yfir að ráða styrk og faglegri getu til að sinna þeim verkefnum sem þær bera ábyrgð á lögum samkvæmt á þessu sviði orkuöflunar. Þá vill Dalabyggð áréttta að huga þarf að kostnaði sem getur skapast með þeirri kröfu að styrkur og fagleg geta eigi að vera til staðar. Það getur falið í sér kostnað við aðkeypta þjónustu eða ráðgjöf og slíkt getur verið íþyngjandi fyrir smærri sveitarfélög.

Í 2.2. er fjallað um mögulega tillögu um tryggingargjald til að fjarlægja mannvirki og línulagnir á virkjunarstaðnum. Skýrt þarf að vera hvar í ferlinu og hver gerir kröfu um slíka tryggingu og þá hvert tryggingargjaldið skili sér, þ.e. tryggt þarf að vera að gjaldið renni til frágangs á viðkomandi svæði.

Í 3.1. segir að til að ná markmiðum um að vernda eins og kostur er óröskuð svæði verði stefnt að því að uppbygging virkjunarmannvirkja eigi sér fyrst og fremst stað þar sem landi hefur þegar verið raskað. Þarna geta stangast á ákveðnar kröfur s.s. er varða sjónræn áhrif annars vegar og svo raskað svæði þar sem þau eru líklegri til að vera nær byggð, útsýnisstöðum eða náttúruperlum. Þetta er m.a. tekið fram í greinargerðinni: *Ekki er verið að segja að þó svæðið teljist raskað í framangreindum skilningi þá skuli virkjunarkosti í vindorku ávallt fundinn staður á á svæðinu eða í grennd við þá starfsemi sem þarna er tilgreind. Þótt raskað svæði falli undir eitthvað af því sem nefnt er hér að framan geta verið önnur mikilvæg sjónarmið sem geta leitt til þess að staðsetningin sé ekki talin heppileg. Þessu þarf að halda til haga, þ.e. aðrar forsendur fyrir framkvæmdinni geta leitt til þess að virkjunarmannvirki séu betur staðsett á óröskuðu landi en þá þarf jafnframt að vega og meta aðra umhverfisþætti vel.*

Þá fagnar Dalabyggð því að ef ráðherra telur að virkjunarkostur í vindorku skuli ekki sæta frekari meðferð innan verndar- og orkunýtingaráætlun, þá komi það í hlut hlutaðeigandi sveitarfélags og annarra stjórnvalda að taka afstöðu til veitingar leyfis. Það styrkir enn frekar stefnu Dalabyggðar að virkjunarkostir vindorku skuli vera innan Rammaáætlunar og eins rennir það traustari stöðum undir skipulagsvald sveitarfélaga.

Dalabyggð hvetur til þess að málið fái góða umfjöllun hjá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og kjósi nefndin að fá nánari upplýsingar frá sveitarfélaginu lýsum við okkur reiðubúin til að verða við því.

  
  
Björn Bjarki Þorsteinsson  
Sveitarstjóri Dalabyggðar